

SÚÐAVÍK

VEGNA VETRARÞJÓNUSTU 2023 – 2025.

ÚTBOÐSGÖGN OG VERKLÝSING

Desember 2022
Súðavíkurbreppur

Súðavíkurhreppur kt. 630269-4589 óskar eftir tilboðum í snjómokstur í Súðavík (þorp og hafnarsvæði), hér eftir í útboði þessu verkkaupi.

1. Almennar upplýsingar um útboð.

- 1.1. Verkefnið felst í hreinsun á snjó, ís og krpa af götum Súðavíkur eftir þörfum, annað en Aðalgötu sem er á forræði Vegagerðarinnar. Útboð þetta nær til svæðis sem tekur til Hlíðargötu, Álfabyggðar, Grundarstrætis, Holtagötu, Arnarflatar, Vallargötu og Eyrardals. Einnig mokstur plans við Súðavíkurskóla og aðkomu að Súðavíkurkirkju eftir þörfum. Snjómokstur nær til hafnarsvæðis, þ.e. viðlegukants við Suðurgarð, Miðgarð og Norðurgarðs og sorpsvæðis við Njarðarbraut, Aðalgötu að Norðurgarði Súðavíkurhafnar. Auk þessa snjómokstur á Langeyri við iðnaðarhúsnæði og íbúðarhús, en Slökkvilið Súðavíkurhrepps er með aðstöðu á Langeyri ásamt Bj.sv. Kofra. Þá er einnig í útboði hreinsun göngustíga.
- 1.2. Útboð er án áætlunar um tímafjölda en óskað er eftir því að verktaki bjóði **tímagjald fyrir tæki með starfsmanni** samkvæmt lágmarki sem verktaki setur. Óskað er eftir tilboði þar sem vertaki leggur fram tæki og starfsmenn og endurspegli lágmarksgjald kostnað við bæði mann og tæki með virðisaukaskatti.
- 1.3. Heildarkostnaður Súðavíkurhrepps vegna snjómoksturs og hreinsunar gatna hefur verið breytilegur eftir árferði eins og gefur að skilja og er að sjálfsögðu ekki gerð krafa um lágmarkstíma af hálfu verkkaupa.
- 1.4. Greitt skal að lágmarki kr. 2.000.000.- sem tryggingu (tryggðargreiðslu) fyrir að hafa vélar/tæki í Súðavík, sem svo er borgað inn á eftir því sem verk er unnið. Tryggðargreiðsla skal innt af hendi í 1. mars ár hvert á samningstíma. Tryggðargreiðsla er óafturkræf nema komi til þess að verksali geti ekki innt af hendi verkið eða fari í þrot eða falli frá verki og samningi þessum af ástæðum sem varða ekki *force majeure*.
- 1.5. Forgangsléiðir skulu vera frá gatnamótum Holtagötu og Álfabyggðar að húsnæði Súðavíkurskóla svo og Arnarflöt/Álfabyggð að Aðalgötu þannig að fært sé frá þorpi að mörkum vetrarþjónustu Vegagerðarinnar við Aðalgötu og skulu þær leiðir færar frá því kl. 07:00 að morgni og að mokstri sé lokið um 19:00 sama dag. Verki verður stýrt af umsjónarmanni fasteigna Súðavíkurhrepps og sveitarstjóra f.h. verkkaupa
- 1.6. Verkkaupi áskilur sér rétt til sérverkefna á sama tímagjaldi og annarra leiða.
- 1.7. Útkallstími skal vera að lágmarki 2 tímar og þá ekki lengur en verk felur í sér.
- 1.8. Vegalengdir, stærð og staðsetning:
 - Vallargata
 - Holtagata
 - Grundarstræti
 - Álfabyggð
 - Víkurgata

- Arnarflöt
 - Hlíðargata
 - Eyrardalur
 - Aðalgata niður á norðurgarð Súðavíkurhafnar
 - Suðurgarður Súðavíkurhafnar
 - Langeyrarvegur
 - Samtals um 3,3 km
- Bílplön og aðkoma að Súðavíkurskóla beggja vegna um 1000 m²
 - Plan austan megin þjónustuhúss 1650 m²
 - Norðurgarður Súðavíkurhafnar 1600 m²
 - Samtals 4250 m²

Göngustígar

- Milli Holtagötu og Grundarstrætis, austanmegin
- Milli Holtagötu og Grundarstrætis, norðanmegin
- Milli Holtgötu og Eyrardals
- Milli Holtagötu og Aðalgötu, við Eyrardal

1.9. Gera má ráð fyrir allavega 100 tímum í mokstur og allt að 150-180 klst. vinnu við mokstur á þungum vetri sem er viðmið fyrir veturinn 2020 (allt árið 2020), að jafnaði tvö tæki. Þeim tíma hefur verið varið með blönduðum tækjakosti, traktorsgröfu og hjólaskóflu. Aðstæður geta að sjálfsögðu falið í sér umfangsmeiri mokstur og vetrarþjónustu.

1.10. Verkaupi gerir ráð fyrir um 10% hækkun á þjónustu miðað við forsendur árið 2020 sem sett er sem viðmið í útboð miðað við síðasta samning sem gerður var við fyrri verktaka.

2. Útboðsyfirlit og nánar um samning

2.1. Gildistími samnings

Samningur við nýjan verktaka gildir frá 12. janúar 2023 – 1. janúar 2025.

Unnt er að framlengja samning um tvö ár í senn að reynslutíma liðnum, þ.e. frá 1. janúar 2024 ef aðilar eru sammála um það. Verktaki þarf að vera reiðubúinn að sinna vetrarþjónustu frá og með 1. janúar 2023 til 15. apríl sama ár, og svo aftur frá 15. september 2023 – 31. desember 2024, sbr. endurskoðunarákvæði að reynslutíma liðnum.

2.2. Útboð verður tilkynnt þann 21. desember 2022 með gögnum sem unnt er að birta og skal það gert með sannanlegri auglýsingu á bb.is, mbl.is, heimasíðu Súðavíkurhrepps og auglýsingu í Morgunblaðinu.

2.3. Samkvæmt útboði leggi bjóðendur fram yfirlit um getu og tæki með mannskap til þess að hafa til reiðu mokstur í Súðavík. Vakin skal athygli á því að Súðavíkurhlíð lokaðist nær 40 sinnum fyrstu þrjá mánuði ársins 2020 og staðsetji moksturstæki með það í huga.

3. Afhending tilboða ofl.

- 3.1. Tilboð skulu afhent eigi síðar en kl. 12:00 þann 5. janúar á meðfylgjandi tilboðsblaði.
Fylgiskjal með útboði þessu skal útfyllt og fylgja tilboði .
Sé bjóðandi með fleiri vélar skal hann skila inn tímagjaldi á
- 3.2. Tilboð er skuldbindandi þegar það hefur verið lagt fram af til þess bærum aðila hjá tilboðsgjafa. Ósamræmi og augljósar villur verða teknar til greina, en þá skal miða við það einingaverð/tímagjald sem fram kemur í tilboði án þess að það raski ekki jafnræði bjóðenda.
- 3.3. Komi til erfiðleikar við að taka afstöðu til tilboðs áskilur kaupandi sér rétt til þess að framlengja gildistíma boðsins en þó aðeins um skamman tíma.
- 3.4. Fylgigögn skul vera með til nánari upplýsingar um fyrirkomulag þjónustu/framkvæmd verks. Bjóðandi getur hvenær sem er á tilboðstíma dregið boð sitt til baka. Það skal gert með sannanlegum hætti s.s. tölvupósti á jbh@verkis.is eða bragi@sudavik.is

4. Opnun tilboða

- 4.1. Opnunarfundur verður haldinn í Álfstaveri – Grundarstræti 1 kl. 13:00 þann 5. janúar 2023 og geta bjóðendur verið viðstaddir. Lágmarkskröfur til boða eru að þar komi fram:
 - a. Nafn bjóðanda
 - b. Heildartilboðsupphæð eða einingarverð (tímagjald með manni og vél – lágmark)
 - c. Hvort tilboð innihaldi frávíkstilboð

Ekki verður tekið við tilboðum eftir uppgefinn frest og áskilinn réttur til að vísa frá tilboðum sem ekki uppfylla lágmarks kröfur um skýrleika.

4.2. Tilkynning um val tilboðs og biðtími

Engin tilboð verða samþykkt eða samningur gerður sem varðar gildistíma úboðs fyrr en 7 dögum eftir tilkynningu um val eða þann 12. janúar 2023.

5. Samþykki tilboðs eða höfnun

- 5.1. Allt þar til samið hefur verið við verkkaupa er verkkaupa heimilt að falla frá útboðinu á grundvelli málefnalegra ástæðna og *force majeure*. Málefnalegar ástæður geta verið óaðgengileg verð, tímagjald, tækjakostur bjóðenda eða fjárheimildir kaupanda. Þá hafa gæði umsókna (að tilboð séu ekki gild) haft sömu þýðingu.

6. Undirverktakar og annað sem varðar verkataka

- 6.1. Bjóðendur skulu geta undirverktaka og leita samþykkis verkkaupa áður en verktaki hefur störf ef svo ber undir. Verktaki ber alfarið ábyrgð á skilum verks gagnvart verkkaupa ef hann notar undirverktaka. Undirverktaka skal byggð á skriflegum samningi og kynna kaupanda.

7. Staðsetning tækja

7.1. Tækjakostur til snjómoksturs skal staðsettur í Súðavík eðli málsins samkvæmt og í að minnsta einn starfsmaður á tæki á þjónustutímabili.

8. Almennir fyrirvarar

8.1. Útboðs- og samningsskilmálar þessir gilda um kaup á framangreindri þjónustu og samningur sem fylgir í kjölfarið hefur enga þýðingu varðandi kaup á þjónustu, en ekki verður byggt á veittum upplýsingum um eðli, umfang eða kostnað þeirrar þjónustu sem hér er boðin út. Samningur milli verkkaupa og verktaka byggir alfarið á útboðsgögnum, boðum og samningagerð í kjölfarið.

8.2. Verkkaupi getur hætt við útboð, breytt gögnum ef þörf krefur allt fram að þeim tíma er útboðsfrestur rennur út án bóta til bjóðenda. Engar bætur verða greiddar fyrir ef kaupandi þarf að hætta við útboð eða kaup á þjónustu af málefnalegum ástæðum.

8.3. Þá eru eðlilegir fyrirvarar við útboð og samningsgerð varðandi mútur, ólöglegt samráð eða brot gegn samkeppnislögum. Verkkaupi áskilur sér rétt til bóta ef slíkt verður uppvíst að samningagerð lokinni með fyrirvara um riftun eða uppsögn samnings án frekari frests.

8.4. Telji bjóðandi á sér brotið við útboð þetta, samningagerð eða meðferð upplýsinga á hann rétt til þess að kæra afgreiðslu málsins. Þar sem um er að ræða útboð sveitarfélags án aðkomu annarra er slík ákvörðun kæránleg samkvæmt stjórnslutölum nr. 37/1993 (26. gr.) og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (111. gr.). Að öðru leyti verður framkvæmdin borin undir héraðsdóm Vestfjarða náist ekki sátt eða úrlausn eftir öðrum kæruleiðum.

9. Trúnaður – persónuvernd

9.1. Ef óskað er gagna frá bjóðanda sem innihalda viðkvæmar upplýsingar, fjárhagsupplýsingar eða annað sem varðar einstaklinga eða fyrirtæki, verður fyllsta öryggis gætt við meðferð þeirra upplýsinga. Gögn verða ekki afhent 3. aðila án lagaheimildar.

9.2. Bjóðandi á rétt á skoðun þeirra upplýsinga sem kunna að liggja fyrir við alla meðferð í útboði og samningagerð.

9.3. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi bjóðendur og upplýsingar um þá varðandi útboð þetta og samningagerð.

10. Hæfi bjóðanda/verkataka

10.1. Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að bjóðandi sem komi til álit uppfylli lágmarksskilyrði um getu og fjárhagslega stöðu til þess að selja þá þjónustu sem boðin er út.

10.2. Ef byggt er á getu annarra til að selja þjónustu þarf að leggja fram með sannanlegum hætti hvernig slík þjónusta er innt af hendi. Áskilinn er réttur til þess að óska upplýsinga um getu 3. aðila/undirverktaka.

11. Almennar útilokunarástæður

- 11.1. Þáttaka í spillingu, sviksemi, peningabætti, mansali eða öðru sem stríðir gegn landslögum veldur sjálfkrafa útilokun bjóðanda.
- 11.2. Starfsréttindi eru fyrirfram forsenda til þess að verktöku í þjónustu sem boðin er út.
- 11.3. Fyrirsjáanleg geta til þess að sinna verkefninu með vísan til tækjakosts. Bjóðandi leggi fram sannanlega skýringu á því hvernig hann hyggst annast verk, ef byggt er á getu annarra hafi hann ekki til þess tæki.
- 11.4. Vottorð úr fyrirtækjaskrá sem sýni fram á starfsemi er forsenda, en áskilinn er réttur til þess að krefjast slíks vottorðs.
- 11.5. Fjárhagsstaða bjóðanda skal nógu trygg að fyrirsjáanlegt sé að hann sé fær um að annast verk og þjónustu á samningstíma.
- 11.6. Gerð er krafa um að ársreikningi hafi verið skilað fyrir árið 2021, en lágmark að ársreikningi hafi verið skilað fyrir 2020. Að öðrum kosti trúverðugar skýringar að mati kaupanda.
- 11.7. Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld, lífeyrissjóðsskuldbindingar og laun. Áskilnaður um könnun framangreindra upplýsinga og vottorðs frá viðeigandi aðilum.

12. Áskilnaður um frekari upplýsingar á síðari stigum

- 12.1. Einkum er varðar kafla 12.

13. Valforsendur

- 13.1. Verkkaupi mun velja tilboð sem felur í sér getu til þess að sinna vetrarþjónustu í Súðavík með viðunandi hætti. Er það með vísan til þess að geta staðsett moksturstæki í Súðavík og vélakosti sem getur sinnt verkinu með viðunandi hætti.
- 13.2. Þá skal litið til þess tímagjalds sem bjóðandi leggur fram sem lágmark með vél og manni að gættum lið 14.1.
- 13.3. Ef boðið er fyrir verk sem hámarkstölur eða heildarkostnaður áskilur kaupandi sér að velja um þann kost sem að gættum fyrirliggjandi forsendna er hagfelldari fyrir kaupanda.

- 13.4. Æskilegt er að bjóðandi hafi yfir að ráða öflugri hjólaskóflu (12-14 tonn), traktorsgröfu/fjölnotatæki fyrir mokstur, blástur eða tönn. Stærri hjólaskólfa getur verið kostur en ekki æskilegur til moksturs í þrengri götum. Þá þarf bjóðandi að hafa yfir að ráða vörubíl til flutnings á snjó eða aðrar tiltækar, sambærilegar lausnir.
- 13.5. Heppileg stærð á hjólaskóflu er 12-14 tonn (þ.e. minni og miðlungsstór), 8-10 tonna traktorsgröfur. Það er einnig kostur að hafa til þjónustu tæki til þess að hreinsa göngustíga og til söndunar/söltunar.

14. Verð

- 14.1. Verð fyrir klst. á tæki og mann skal sett fram í íslenskum krónum með vsk.
- 14.2. Verktaki sem hefur hagstæðasta verðið miðað við tímagjald og afkastagetu tækis situr fyrir um vinnu, en leitað skal til næstbjóðanda ef viðkomandi getur ekki sinnt verkinu.

Samanburður tilboða verður metinn út frá tímagjaldi tækis deilt með tonnafjölda tækis. Lægsta talan er metin hagstæðasta verðið. Hagkvæmasta verð vörubifreiðar miðast við tímagjald deilt með rúmmetrafjölda palls.

15. Samningstími

Samningstími er tæp 2 ár frá undirritun, en æskilegt er að tímabilið sé frá 12.1.2023 – 5.1.2025. Ef verkkaupi og bjóðandi eru sammála um það er unnt að framlengja samning innan samningstíma til amk 2 ára í senn.

16. Greiðslur fyrir verkkaup

- 16.1. Greitt skal fyrir unnið verk eigi síðar en 20 dögum eftir móttökudag. Setja má greiðsluseðla til stýringar greiðslna, en ekki má setja á slíka innheimtu seðilgjöld.

17. Vanefndir og uppsögn, fyrirvarar vegna ófyrirséðra atvika og ómöguleika.

- 17.1. Verkkaupi hefur heimild til þess að semja beint við annan verktaka vegna ómöguleika á að veita þjónustu innan sólarhrings (24 klst.), ef slíkar aðstæður skapast og bjóðandi hefur ekki tök á að sinna þjónustu.
- 17.2. Áskilinn er réttur til að leita til annars verktaka ef ekki næst að anna verkefni innan viðunandi tíma vegna snjómoksturs og skal verkkaupi upplýsa verktaka.
- 17.3. Ef almannavarnaaðstæður skapast er kaupanda heimilt að kalla til hvern þann sem hann telur að geti sinnt aðkallandi verkefni án bóta til bjóðanda.
- 17.4. Kaupandi og bjóðandi geta sagt upp samningi komi upp sannanlegar vanefndaástæður.

17.5. Vanefndir af hálfu seljanda veita kaupanda heimild til þessa að segja upp samningi, halda eftir greiðslu, krefjast afsláttar og beitingu annarra vanefndarákvæða.

18. Tryggingar og ábyrgð

18.1. Seljandi skal hafa gildar ábyrgðatryggingar fyrir tæki og frjálsa ábyrgðartryggingar svo og aðrar skyldutryggingar.

19. Framsal réttinda og skyldna

19.1. Seljanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum. Heimilt skal, að höfðu samráði við kaupanda, að losa seljanda undan skyldum með framsali samnings við verktaka sem kaupandi sættir sig við.

20. Froce majeure – óviðráðanleg atvik

20.1. Hvorki seljandi né kaupandi verða krafðir um bætur sem varða *force majeure* atvik.

21. Endurskoðunarákvæði

21.1. Verð skulu endurskoðuð á ársfresti, en 1. október ár hvert og horft til vísitölu neysluverðs annars vegar og vísitölu launa hinsvegar. Miðað er við að vísitala neysluverðs gildi 50 % og vísitala launa 50%.

22. Ágreiningsmál

22.1. Seljandi og kaupandi skulu reyna að semja a.m.k. á tveimur fundum áður en ágreiningsmál sem varða samning sem leiðir af útboði þessu verða borin undir Héraðsdóm Vestfjarða, sem er heimilisvarnarþing kaupanda.

Súðavíkurbreppur 21. desember 2022,



Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurbrepps.

0.1 Tilboðsblað

0.1.1 Verðtilboð og fylgiskjöl

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðslýsingu og gögn verksins

„*Snjómokstur í Súðavík*“

og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við þau byggt á meðfylgjandi útfylltri tilboðsskrá og samantektarblaði.

Tilboðsupphæð, tímgjald fyrir vörubiðreið með manni kr. (ritað með tölustöfum):

Tilboðsupphæð, hjólaskófla með manni kr. (ritað með tölustöfum):

Tilboðsupphæð, traktorsgrafa/dráttavél með manni kr. (ritað með tölustöfum):

Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:

Nafn bjóðanda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Tengiliður varðandi tilboð	
Sími	
Tölvupóstfang	
Staður og dags. tilboðs	
Undirskrift bjóðanda	

0.2 Fylgiblað með útbóði:

Tæknilegar upplýsingar og fl.

A1.	Vörubifreið, tegund og gerð	_____
A4.	Skrásetningarnúmer	_____
A2	Farsími	_____
A3.	Aðalökumaður	_____
A4.	Varaökumaður	_____
A5	Stærð palls (m ³)	_____
A6	Tímagjald tækis með manni	_____
B1.	Hjólaskófla, tegund og gerð	_____
B2.	Árgerð	_____
B3.	Vélarafi	_____
B4.	Aðrar upplýsingar	_____
B5	Stærð tækis (tonn)	_____
B6	Tímagjald tækis með manni	_____
C1.	Traktorsgrafa/dráttarvél	_____
C2.	Árgerð	_____
C3.	Vélarafi	_____
C4.	Aðrar upplýsingar	_____
C5	Stærð tækis (tonn)	_____
C6	Tímagjald tækis með manni	_____
D1.	Önnur tæki	_____
D2.		_____
D3		_____
D4		_____
D5		_____